

BLÁHVER

Blað Sjálfstæðisfélags Hveragerðis • 1. tbl. • 23. árg. • Desember 2023

Gleðileg jól



Leiðari

Suðurlandsskjálftinn sem reið yfir árið 2008 rennur manni seint úr minni, þá var ég nýútskrifaður úr menntaskóla og vann í sumarstarfi í sundlauginni Laugaskarði. Ég og samstarfsfélagar mínir vorum á Hellsisheiðinni á heimleið af skyndihjálparnámskeiði þegar bíllinn kipptist skyndilega við. Við áttuðum okkur ekki á hvað hafði gerst, héldum að það hefði kannski sprungið dekk en svo var ekki.

Þegar við renndum niður Kambana og inn í Hveragerði skildum við heldur ekkert í þessu, þarna stóð fólk alls staðar úti á götum og gangstéttum sumir í faðmlögum og einhverjir grátandi, lögreglubílar og aðrir viðbragðsaðilar með blikkandi ljós og það var nánast eins og heimsendir væri í nánd. Þegar ég rann inn í hlaðið heima blasti við mér ófögur sjón, ónýt gróðurhús og sprungur víðsvegar á húsi og bílskúr fjölskyldunnar.

Maður rifjar þetta upp vegna þess að að einhverju leyti getum við Hvergerðingar sett okkur í spor Grindvíkinga, þó að það sem Grindvíkingar hafa upplifað á síðustu dögum og vikum sé margfalt verra en það sem við upplifðum fyrir 15 árum. Þannig



breyttist á einu föstudagskvöldi líf Grindvíkinga til frambúðar, þeir urðu að fara af heimilum sínum og skilja eftir alla þá veraldlegu hluti sem þeim þótti svo vænt um. Nokkrum dögum seinna fengu þeir að snúa aftur heim og við þeim blöstu ónýt hús, götur og aðrir mikilvægir innviðir og óvíst er hvenær Grindvíkingar geti snúið heim, vilji þeir það á annað borð. Á körfuboltaleik Hamars gegn Grindavík, sem var spilaður í Kópavogi, viku eftir

að bærinn hafði verið rýmdur komu margir Grindvíkingar saman nánast í fyrsta sinn síðan eftir rýmingu og það var einstök upplifun að sjá samkenndina og samheldnina hjá Grindvíkingum þetta kvöldið. Rétt áður en leikurinn hófst stóð stuðningsmannasveit Hamars upp og hóf að syngja „Stöndum upp fyrir Grindavík, stöndum upp fyrir Grindavík“. Þessi söngur stuðningsmanna Hamars snerti alla í stúkunni og allir tóku undir og stóðu upp. Mér fannst þessi söngur frábær, enda sýndi hann að þegar áföll og náttúruhamfarir ríða yfir standa allir landsmenn saman, óháð ólíkum skoðunum hvort sem það er í íþróttum, pólitík eða einhverju öðru.

Bæjarstjórn og bæjaryfirvöld í Grindavík standa frammi fyrir gifurlegri áskorun núna, að endurreisa bæinn sinn og þá skiptir máli að allir vinni saman að því að byggja aftur upp alla innviði og fá síðan fólkið og fyrirtækin aftur í bæinn.

Það eru einnig krefjandi verkefni framundan í Hveragerði, þó alls ekki jafn krefjandi og það sem Grindvíkingar standa frammi fyrir. Það þarf að koma íþróttamálunum aftur í samt horf, það þarf líka að gera átak í leikskólamálum, uppbyggingu nýrra gatna og úthlutun lóða og öðrum mikilvægum málaflokkum hjá sveitarfélaginu því stöðnun í uppbyggingu sveitarfélagsins er ekki lengur í boði.

Fulltrúar D-listans hafa lagt fram raunhæfar lausnir undanfarið ár og samstarf í bæjarstjórn um uppbyggingu íþróttamannvirkja virðist ganga vel þó að samstarf um önnur mál gangi misvel. Ég hlakka til að koma aftur inn í bæjarstjórnarmálin í mars eftir árs leyfi og fá að taka þátt í að gera Hveragerði að enn betri stað til að búa í.

Kæru Hvergerðingar og aðrir lesendur Bláhvers, takk fyrir árið sem er að líða. Fyrir hönd okkar á D-listanum óska ég ykkur öllum gleðilegrar jólahátíðar og hamingju-ríks nýs árs!

*Friðrik Sigurbjörnsson,
oddviti D-listans í Hveragerði*

*Gleðileg jól og takk
fyrir viðskiptin á árinu*

BOR
ehf

**Kjarnaborun og
steinsteypusögun**

895 9490 895 9491

Annáll Sjálfstæðisfélagsins

Það hefur verið mikið líf í starfi Sjálfstæðisfélags Hveragerðis í ár. Laugardagskaffið er fastur liður og hefur verið ár hvert síðan 1996. Þar skiptast frambjóðendur síðasta framboðslista í bland við stjórnarmenn félagsins á að bjóða gestum og gangandi upp á kræsingar og rabb um málefni liðandi stundar auk þess sem kaffið veitir bæjarbúum þægilegan vettvang til að tjá hug sinn og skoðanir. Mikið hefur verið um góða gesti í ár og má þar nefna Guðrúnu Hafsteinsdóttur, Brynjar Niélsson, Áslaugu Örnú Sigurbjörnsdóttur, Aldísi Hafsteinsdóttur, Bergþóru Þorkeldsdóttur forstjóra Vegagerðarinnar, Þorstein T. Ragnarsson formann Hamars, Arnar Þór Jónsson, Séra Ninnu Sif Svavardóttur, Ásmund Friðriksson, Guðlaug Þór Þórðarson, Diljá Mist Einarsdóttur og Hallgrím Kristinsson frá Mega Zipline.

Félagslíf hefur verið með ágætum og höfum við reglulega gert okkur glaðan dag saman. Þannig tókum við á móti þingflokki Sjálfstæðisflokksins í hringferð þeirra í febrúar þar sem haldið var stórskemmtilegt pubquiz í Reykjadalsskála. Í mars var farin vísindaferð á Alþingi þar sem þingmenn okkar í Suðurkjördæmi, með Guðrúnu Hafsteinsdóttur fremsta í flokki, ásamt Birgi Ármannssyni og Áslaugu Örnú Sigurbjörnsdóttur tóku vel á móti okkur

og kynntu okkur starfið á þinginu. Að því loknu fórum við út að borða saman áður en haldið var aftur yfir heiðina.

Nú í september bauð Sjálfstæðisfélagið Huginn í Hrunamannahreppi okkur í heimsókn til sín þar sem farið var í vélsleðaferð á Langjökul með Mountaineers of Iceland og snætt saman í skála við rætur jökulsins eftir vel heppnaða ferðina. Jólagleðin tókst svo með eindæmum vel en hún er síðasta laugardagskaffi fyrir jól ár hvert og þar gerum við einstaklega vel við okkur og okkar gesti í mat og drykk.

Í október brydduðum við upp á þeirri nýjung að bjóða listamönnum að halda

sýningar í félagsheimili okkar að Mánamörk 1. Pétur Reynisson reið á vaðið og sýndi glæsilegar ljósmyndir sínar við góðan róm gesta. Við keflinu tók svo Ásta Magnúsdóttir í nóvember og sýndi afbragðs ljósmyndir með fugla, og þá helst uglur, í fyrirrúmi. Fleiri listamenn munu svo sýna hjá okkur á nýju ári.

Enn er von á góðum gestum til okkar þegar laugardagskaffið hefst á ný eftir jólafrí þann 13. janúar. Hvet ég fólk til að fylgjast með á facebook síðunni okkar, D-listinn í Hveragerði, en þar auglýsum við það sem framundan er hverju sinni auk þess að veita fólki innsýn í starf okkar.

*Ingibjörg Zoëga,
formaður Sjálfstæðisfélagsins í Hveragerði*



Í loftinu liggur heilög stund

Einn dásamlegasti árstíminn gengur í garð, aðventan eða jólafastan. Hún hefur verið þekkt frá lokum fjórðu aldar og þýðir „sá sem kemur“. Því má segja að aðventan sé undirbúningstími þar sem kristnir búa sig undir mikilvægustu hátíð sína, jólin.

Aðventan fyrir mér er tími samveru, ljóss, baksturs og matarundirbúnings. Já, og tími íhugunar. Á aðventunni leiðir fólk ósjálfrátt hugann að því sem er að baki. Við lítum yfir farinn veg á ári sem senn líður og spyrjum í hljóði: Hvað stóð upp úr? Gekk ég götuna til góðs? Geng ég sátt(ur) frá borði?

Í minni vitund tengist aðventan og sjálft jólahaldið Hveragerði sterkum böndum. Hér á ég heima og hér vil ég vera. Ég er lánsöm að fá að búa á þessum stað umvafinn góðu fólki. Mín aðventa er oft erilsöm en þegar ég vakna að morgni aðfangadags jóla skynja ég sterkt að í loftinu liggur heilög stund. Sú tilfinning magnast þegar á daginn líður. Hvergi annars staðar vil ég vera en í kirkjunni okkar þegar jólin eru hringd inn kl. 18.

Í minningu bernskunnar var bærinn jafnan mjallhvítur á aðfangadag. Þarf samt ekki að vera að jól í Hveragerði hafi í raun alltaf verið hvít en þannig vil ég muna þau! Það fylgdi líka aðfangadegi að rafmagnið fór af þegar bakaraofnar bæjarins voru gangsettir á sama tíma fyrir jólasteikurnar. Þabbi dottaði nær undantekningarlaust undir messunni og sama átti við um Skafta

garðyrkjumann. Þeim var margfaldlega fyrirgefið enda unnu þeir báðir mikið í desember og áttu skilið að láta líða úr sér. Og það vita þeir sem vilja vita og reynt hafa að hvergi endurnærast fólk fljótar og betur andlega og líkamlega en einmitt á hátíðarstundu í guðshúsi.

Einmitt þannig eru jólin. Minningar og hefðir tengdar stærstu hátíð ársins, minningar sem við sköpum ár eftir ár með okkar nánustu og bætum stöðugt við í safn hugans. Þegar þetta er skrifað stefnir í að heilt bæjarfélag, um 3.700 íbúar Grindavíkur, haldi jól annars staðar en heima hjá sér. Sú staða er sem betur fer afar sjaldgæf og að sjálfsögðu erfið og sár fyrir marga. Við finnum til með þeim sem náttúruöflin leika svo grátt og biðjum þess að íbúar Grindavíkur fái notið friðar, kyrrðar og kærleiks jólanna eins innilega og unnt er hvar sem þeir eru nú og verða staddir um hátíðarnar.

Sjálf hef ég haldið jól erlendis en af allt öðrum ástæðum. Satt best að segja hélt ég að að þau yrðu ekki sannkölluð hátíð svo fjarri Hveragerði og án tilheyrandi hefða þar. Á daginn kom að ég átti sannarlega yndisleg jól í ókunnu landi, fjarri heima-

bænum mínum. Auðvitað saknaði ég ættingja og vina sárlega en sjálfur friður jólanna var á sínum stað. Hann spurði ekki um staðinn heldur stundina.

Árið 2023 hefur svo sannarlega verið viðburðarríkt í mínu lífi. Nú hef ég gegnt embætti dómsmálaráðherra í tæpa sex mánuði. Sá tími var viðburðarríkur og fljótur að líða. Verkefnið mörg og ærin og enginn dagur eins og þeir fyrri í starfinu. Ég minni mig á það daglega, er ég geng til minna verka, að það eru forréttindi að fá að starfa fyrir ykkur öll, þjóð mína. Þeirri

ábyrgð sinni ég af mikilli alvöru. Ég er einnig þakklát ykkur öllum, íbúum Hveragerðis, að styðja mig með ráðum og dáð og er stolt að fá að vera fulltrúi ykkar á Alþingi Íslendinga.

Ég óska Hvergerðingum góðrar adventu og gleðilegrar jólahátíðar. Megi friður og blessun ríkja á heimilum ykkar allra. Ég þakka góða samfylgd á árinu og óska ykkur farsældar á nýju ári.

*Með jólakveðju,
Guðrún Hafsteinsdóttir,
dómsmálaráðherra*



Guðrún Hafsteinsdóttir tekur við embætti dómsmálaráðherra

Þann 19. júní 2023 tók Guðrún Hafsteinsdóttir við sem dómsmálaráðherra í ríkisstjórn Íslands. Stuðningsmenn, fjölskylda og vinir fögnuðu því með Guðrúnu síðar þann dag í Hveragerði.





Getur þú fundið þessi orð sem öll tengjast Hveragerði?

Í	I	Ö	U	A	Í	X	H	I	U	M	Æ	É	E	G	T	B	U	I	K
A	Ú	Á	N	H	V	E	R	A	G	A	R	Ð	U	R	K	J	L	S	Í
E	P	B	L	T	R	I	M	T	F	Ö	V	P	N	M	G	L	O	H	A
I	Í	R	D	S	V	L	Y	S	T	I	G	A	R	Ð	U	R	I	N	N
U	M	E	O	O	Í	U	B	R	Æ	R	Í	I	M	Y	Í	X	L	Ö	Í
E	H	I	L	S	R	Í	T	E	H	U	J	B	Y	P	Ó	K	Í	P	Ó
Á	Y	Ð	B	E	E	E	Ó	K	A	Y	Á	R	N	K	X	A	F	N	S
B	Í	A	N	I	Y	H	V	Y	T	B	M	L	A	V	P	E	K	F	K
E	Á	M	P	Æ	K	N	R	L	A	U	E	A	T	B	F	R	B	L	A
Y	F	Ö	K	F	J	Í	V	O	M	N	A	V	Ð	F	N	I	L	Á	L
G	J	R	R	L	A	E	S	V	Á	G	N	A	L	D	Í	S	M	O	A
I	L	K	K	E	F	Y	U	N	X	U	R	R	T	O	H	B	T	H	N
R	Í	Ð	O	Á	O	B	N	Ö	M	B	L	M	L	S	B	H	Ð	I	F
H	P	X	G	Y	S	T	N	A	H	R	Y	A	O	G	D	A	D	Ö	D
U	V	F	Ó	B	S	Ö	U	T	J	E	M	H	Í	T	J	M	I	P	Á
S	F	G	F	Ú	K	O	M	F	K	K	Y	L	N	A	M	A	B	E	F
P	Ö	M	G	Ð	J	L	Ö	L	Ö	K	Ú	Í	O	R	B	R	K	L	H
M	H	L	A	U	G	A	R	S	K	A	R	Ð	G	Ö	Á	P	Y	P	Ö
D	V	I	J	K	D	I	K	A	S	M	Ö	U	E	O	G	R	P	Ð	E
É	P	B	S	I	V	J	A	G	H	D	F	I	A	R	O	B	D	N	Í

1. BREIÐAMÖRK
2. LAUGARSKARÐ
3. HVERAGARÐUR
4. BUNGUBREKKA
5. ÓSKALAND
6. SUNNUMÖRK
7. REYKJAFOSS
8. LYSTIGARÐURINN
9. HAMAR
10. VARMAHLÍÐ

valborgfs.is



Með ósk um
gleðileg jól
og farsæld
á komandi ári

VALBORG
FASTEIGNASALA



Elínborg
María
Ólafsdóttir
Sími 861 6866



Gunnar
Biering
Agnarsson
Sími 823 3300



Eva Björg
Árnadóttir
Sími 857 6600

Virkjun í bakgarðinn?

Þegar Hellisheiðarvirkjun var í undirbúningi var gert svokallað umhverfismat og skýrsla um það. Meðal þess sem var skoðað var dreifing brennisteinsvetnis út frá virkjuninni og borholum við hana. Þegar skýrslan er skoðuð kemur í ljós að meðal þess sem metið var, var dreifing þessarar hættulegu gastegundar út á Seltjarnarnes og víðar. Hins vegar var Hveragerðis ekkert getið varðandi áhrif af brennisteinsvetni í umræddri skýrslu en bæjarfélagið er næsta þéttbýlissvæði virkjunarinnar. Enda kom í ljós þegar virkjunin var risin að áhrifin voru umtalsverð. Einnig komu í ljós önnur áhrif, m.a. vegna hávaða frá borholum sem voru staðsettar á miðri heiðinni.

Bæjaryfirvöld á þessum tíma þurftu að ganga fram af talsverðri ákveðni og jafnvel hörku til að vekja athygli á hagsmunum Hvergerðinga. Undirritaður tók þátt í þeirri miklu vinnu sem í þetta fór og var engan veginn sjálfgefið að árangur næðist. Sú barátta varð síðan til þess að gerðar voru ráðstafanir til að eyða brennisteinsvetninu úr andrúmsloftinu með niðurdælingu. Þá komu í ljós önnur áhrif sem varð að bregðast við. Niðurdælingin leysti úr læðingi jarðskjálfta sem voru í besta falli óþægilegir og gátu í versta falli valdi tjóni ekki síst í Hveragerði. Hófst því önnur barátta vegna þessa sem varð til þess að umbætur voru gerðar á aðferðarfræðinni við niðurdælinguna og dregið verulega úr jarðskjálftahættunni af þeim völdum. Ástæðan fyrir því að þetta er rifjað upp núna er að Sveitarfélagið Ölfus hefur uppi hugmyndir um að virkja í allra næsta nágrenni Hveragerðis í samstarfi við Orkuveituna sem var gerandinn í ferlinu við Hellisheiðarvirkjun. Spörin hræða og

því er nauðsynlegt að bæjaryfirvöld gæti hagsmuna Hvergerðinga í þessum nýjum hugmyndum hver sem niðurstaðan kann að verða varðandi virkjun.

Í bæjarráði Hveragerðis þann 2. mars 2023 var tekið fyrir erindi frá Sveitarfélaginu Ölfusi þar sem var bréf sem þau höfðu þá nýverið sent til Orkustofnunar og bar yfirskriftina „jarðvarmanýting í Ölfusdal í þágu Sveitarfélagsins Ölfuss“. Þar er lýst fyrirætlunum Ölfussins um að sækja um rannsóknarleyfi vegna jarðhitanýtingar í Ölfusdal sem oft gengur líka undir heitinu Dalurinn hér í Hveragerði. Stór hluti Dalsins er innan marka Hveragerðis en jaðrar hans, þ.e. handan árinna tilheyra Ölfusinu. Afgreiðsla bæjarráðs var afdráttarlaus um að þarna væru verulegir hagsmunir Hvergerðinga á ferð og var bæjarstjóra falið „að ræða við Sveitarfélagið Ölfus um málið og koma sjónarmiðum Hveragerðisbæjar á framfæri og óska eftir nánu samráði um öll virkjanaáform í dalnum.“

Þann 28. nóvember síðastliðinn var síðan haldinn blaðamannafundur þar sem skrifað var undir viljayfirlýsingu milli OR og Ölfuss um nýtingu orkuauðlindarinnar í Ölfusdal. Skemmst er frá því að segja að okkur í minnihlutunum í bæjarstjórn Hveragerðisbæjar brá mjög við að sjá þetta og að hvergi væri getið um aðkomu Hveragerðisbæjar að málinu. Kom þá í ljós að bæjarstjóri hafði að eigin sögn átt fund með bæjarstjóra í Ölfusi þann 6. september

síðastliðinn þar sem þetta mál hafi verið rætt, þ.e. nærri sex mánuðum eftir framangreinda bókun bæjarráðs. Sá fundur sem þar er tiltekinn var reyndar haldinn að frumkvæði bæjarstjórans í Ölfusi og fjallaði aðallega um viðbyggingarmál við Grunnskólann í Hveragerði en var ekki boðaður um umrætt mál.

Staðan er núna sú að Hvergerðingar hafa enn sem komið er enga aðkomu að hugmyndum um mögulega orkuöflun í bakgarði sínum enda þótt bæjarstjóri Ölfuss hafi lýst því yfir að það sé alveg sjálfsagt mál. Þegar þetta er ritað hefur bæjarstjóri eða meirihluti bæjarstjórnar í Hveragerði engin frekari samskipti átt við Ölfusinga um þetta mál svo vitað sé.

Ég vil hér með hvetja meirihluta Okkar Hveragerðis og Framsóknar til að bæta hér úr þótt ansi seint sé og gæta hagsmuna Hvergerðinga í málinu.

Ég óska Hvergerðingum gleðilegra jóla og farsældar á komandi árum,

*Eyþór H. Ólafsson,
varabæjarfulltrúi D-listans í Hveragerði*

Hvað hugsar þú þegar þú heyrir þessi orð?

Jólalýkt: Hangikjöt

Jólaglag: Bráðum koma blessuð jólin

Jólamatur: Lambalæri



*Óskum Sunnlendingum öllum
gleðilegrar hátíðar og þökkum góða
samvinnu á árinu sem er að líða.*

*Með hátíðarkveðju,
Guðrún, Vilhjálmur, Ásmundur og Þirgír
þingmenn Sjálfstæðisflokksins*

HLJÓMSVEITIN SLYSH

Hverjir eru þið? (nafn, aldur, hljóðfæri)

Við erum hljómsveitin SLYSH og við erum búnir að spila saman síðan 27. október 2022.

Meðlimir eru:

Gísli Freyr Sigurðsson,
fæddur 2007, söngvari.
Björgvín Svan Mánason,
fæddur 2008, lead-gítarleikari.
Eyvindur Sveinn Lárusson,
fæddur 2008, rhythm-gítarleikari.
Stefán Gunngeir Stefánsson,
fæddur 2008, trommuleikari.
Úlfur Þórhallsson,
fæddur 2008, bassaleikari.
Hrafnkell Örn Blöndal Barkarson,
fæddur 2008, hljómborðsleikari.



Hvernig byrjaði SLYSH?

Þetta byrjaði allt með því að við vorum fyrir algjörlega tilviljun allir saman í hljómsveitarvali í skólanum. Einn daginn, skömmu fyrir rósaballið kom nemandi sem var þá í nemendaráði og spurði hvort við vildum ekki spila á rósaballinu. Við tókum því giggi og úr því varð hljómsveitin SLYSH.

Hvernig var að taka þátt í Samfés og hvernig gekk?

Að taka þátt í Samfés var einstök upplifun. Í fyrsta lagi höfðu flestir okkar aldrei spilað fyrir framan svona marga eða á svona stóru sviði. Í öðru lagi fór ótrúlega mikil vinna í undirbúninginn og allir lögðu hart að sér í ferlinu. Við æfðum mikið fyrir keppnina og Bungubrekka hjálpaði okkur. Loksins kom

að keppninni, við stigum á svið og spiluðum lagið Home Sweet Home með Mötley Crüe. Það kom snemma í ljós á sviðinu að það var ekki kveikt á einum magnara svo að við spiluðum hálf lagið án Björgvíns í fyrri tókunni. Við fengum svo að gera aftur út af þessu og þá negldum við lagið. Niðurstaðan var 3. sæti og við vorum frekar sáttir en vorum svangir í meira.

Hvernig var að taka þátt í söngvakeppni FSu? Hvernig var það öðruvísi en Samfés?

Að taka þátt í söngvakeppni FSu var líka geggjað. Gísli talaði við okkur um tveimur mánuðum fyrir keppnina og við byrjuðum að æfa. Við ákváðum að taka frumsamda lagið Ready, Set, GO! Við vorum nú ekki handvissir um sigur í keppninni en við

enduðum á því að vinna keppnina með besta og frumlegasta atriðið að mati dómnefndar. Það var allt annað að spila frumsamið lag af því við þekkjum okkar lag alveg inn og út. Vonandi fáum við að spila undir hjá Gísla í aðalkeppninni og stefnum þá langt.

Hvert stefnið þið?

Við stefnum einfaldlega bara á toppinn.

Er plata á leiðinni eða einhver ný lög?

Við erum að vinna í plötu og við erum með eitthvað af efni tilbúið, þannig fylgist þið með!

Lífsmottó?



Lífið er of stutt fyrir leiðindi, og mundu að þú lifir bara einu sinni, svo gerðu þetta eina líf eins gott og hægt er.



BYR

FASTEIGNASALA

VERIÐ VELKOMIN Í
KLUKKUHÚSIÐ
AUSTURMÖRK 7



ELÍN



SIGURÐUR



SIGURBJÖRG



HRÖNN

Að tilheyra samfélagi

Það er svo hollt og líka svo mannlegt að láta sig dreyma, það geri ég oft, bæði í svefni og vöku. Ég viðurkenni það alveg, þrátt fyrir að vera Íslendingur, að stundum þegar kalt er í veðri þá dreymir mig um sólina. Ég elska vorið, að sofna og vakna við fuglasöng, sólina hækkar á lofti, hitinn fer yfir tíu stig og gróðurinn sýnir bjarta og fallega liti. Já, þetta er klárlega minn árstími. En ég verð samt sem áður að segja að þó að þessi árstími sé minn uppáhalds þá finnst mér hinir líka dásamlegir, þeir eru jú frábrugðnir vorinu, bjóða upp á aðra dýrð bæði hita og lita. Og þannig er lífið, það er gott að hlakka til einhvers um leið og maður fagnar fjölbreytileikanum í allri sinni mynd. Samfélagið okkar er ekkert ósvipað, við erum samsett, höfum ólíkan bakgrunn og bakland, erum alls konar, bæði í útliti og hegðun. Rétt eins og árstíðirnar.

Blóma- og listamannabærinn

Og þannig er það einmitt hér hjá okkur í Hveragerði, við erum alls konar. Ég tel það einmitt vera einn af helstu styrkleikum Blómabæjarins. Og við eigum fleiri styrkleika. Hér ríkir náttúruþyrð og veðursæld nánast allt árið um kring. Auðvitað blæs á okkur stundum, snjóar og rignir en hér skín sólina líka skært og hér dafnar gróðurinn vel. Við höfum átt og eigum enn fjölbreytta flóru af listafólki. Búum við þann kost að vera rétt utan við höfuðborgina, hér búa fleiri en þeir sem hafa atvinnu í heimabænum og með því fáum við enn meiri fjölbreytileika. Hér eru fyrirtæki af ýmsum toga, stór og smá. Hveragerði er fallett bæjarstæði og við erum sannkölluð matarkista heim að sækja með frábæru bakaríi og veitingastöðum upp alla Breiðumörkina allt inn að Reykjadal ásamt Heilsustofnun sem er

austan Breiðumarkar. Hér höfum við alls kyns afþreyingu tengda menningu, listum, íþróttum og útivist og má þá meðal annars nefna Listasafnið, Hveragarðinn, Iceland Activited, golfvöllinn, Zipline og nú bíðum við spennt eftir að tekin verði í notkun sleðabraut inni í dal. Hér er upplagt að vakna endurnærður á sál og líkama eftir góða dvöl á hótelum, gistihúsum eða tjaldstæði bæjarins. En sérstaða okkar er önnur en margra annarra bæjarfélaga á landinu því við höfum hvorki bryggju né sveit og þar af leiðindi hefur samfélagið hvorki tekjur af sjávarútvegi né landbúnaði. En við framleiðum jurtais sem hefur glatt Íslendinga í meira en hálfa öld, það er nú eitthvað. Einn Kjörís á dag kemur skapinu í lag!

Hversdagslegu litlu hlutirnir

Kostur þess að búa í samfélagi á landsbyggðinni er jú ekki síst sá, að fólk þekkir hvert annað, það eru alls kyns tengingar, með skyldleika, vinnu og vináttu. Fólk sýnir umhyggju og fylgist með nágrönnum sínum. Nágranni okkar hafði auga með húsinu okkar til margra ára, hann fylgdist með hverjir komu í heimsókn og þá hvenær, stóð fyrir utan hjá okkur og veifaði þegar við borðuðum morgunmatinn og tók spjall við okkur í gönguferðum. Spjallið var yfirleitt á sömu leið, um veðrið, mikilvægi hreyfingar, Bangsa hundinn okkar og að lokum það hann fyrir kæra kveðju til Gísla Páls þó svo að Gísli Páll stæði við hliðina á mér. Það eru nákvæmlega þessir litlu hversdagslegu hlutir sem skipta svo miklu máli í lífinu, það að tilheyra. Þessi nágranni okkar var úr

Ás samfélaginu okkar hér í Hveragerði. Ás samfélagið er samofið bæjarsamfélaginu okkar því þar hafa kynslóðir starfað saman af alúð með þeim sem þar búa allt frá árinu

1952. Í Ási búa bæði ungir og gamlir

og búsetufyrirkomulagið er fjölbreytt eins og gefur að skilja og þar ríkir þessi fallega vinátta milli fólks.

Þessar tengingar eru stór hluti af lífsgæðum okkar og ég met þær mikils. Kannski er það einmitt stór hluti af mér af því ég ólst upp á lands-

byggðinni með ömmum og öfum,

stórfjölskyldunni og vinum allt umlykis. Og hvað er ég að segja með þessu, jú látum okkur samfélagsmálin varða ekki með því að ræða þau á neikvæðan hátt heima við eldhúsbord eða á lyklaborðinu heldur með því að leggja okkar af mörkum við að bæta samfélagið sem við búum í. Það eykur vellíðan allra.

Sendi ykkur hlýjar jólakveðjur og ósk um að nýtt ár færi ykkur gleði í hjarta.

Alda Páls,

bæjarfulltrúi D-listans í Hveragerði

Hvað hugsar þú þegar þú heyrir þessi orð?

Jólaþykkt: Lykt af furu

Jólaþykkt: Little drummer boy með Bing Crosby og David Bowie

Jólamatur: Skata og rjúpur

Sendum Hvergerðingum og nærsveitum

bestu óskir um gleðilega jólahátíð,

frið og farsæld á komandi ári.

Þökkum samverustundir liðinna ára.



GRUNDAR
HEIMILIN



Stofnhús

*Við óskum Sunnlendingum
öllum gleðilegrar hátíðar og
farsældar á komandi ári.*



Áslaug og Jónas í Blómaborg

Við setjumst niður með rjúkandi kaffibolla í gróðurhúsinu sem er hlýtt og notalegt þrátt fyrir kuldann úti. Hjónin Áslaug Hanna Baldursdóttir og Jónas Sigurðsson keyptu fyrir ári síðan Blómaborg, rótgróið fyrirtæki í hjarta bæjarins - stað sem fólk út um allt land þekkir og er eitt af aðal-kennileitum Hveragerðis. Því liggur beinast við að spyrja hjónin fyrst að því hvernig þetta hafi komið til að þau keyptu Blómaborg og fluttu í Hveragerði?

„Þegar við byrjuðum fyrst að búa saman sem kærustupar þá var okkar fyrsta heimili hér í Hveragerði,” segir Áslaug. Þau rifja upp fyrstu skrefin sín saman í Hveragerði - þau voru ungir foreldrar en fyrsta barn þeirra, Margrét Sól bjó fyrst með þeim hér í Hveragerði. „Já og þá kom út lagið Rangur maður með Sólstrandagæjunum” bætir Jónas við. Þau bjuggu öll saman Áslaug, Jónas, Margrét Sól þá ungarbarn og Ummi vinur þeirra hjóna. Þegar þau vildu gera sér glaðan dag á þessum tíma í Hveragerði, þá var farið í Blómaborg til að leigja videóspólu og fá sér nammi. „Blómaborg hefur alltaf átt stað í hjarta okkar, alveg frá því að við bjuggum hérna á Heiðmörkinni,” segir Áslaug.

Áslaug Hanna er frá Stokkseyri og Jónas er frá Þorlákshöfn, þau kynntust í FSU eins og margir á þessu svæði gera. Eftir dvöl þeirra hér í Hveragerði þá fóru þau á flakk. Bjuggu í Reykjavík, Þorlákshöfn, Danmörku, Bandaríkjunum og svo aftur í Reykjavík. Hveragerði hefur samt alltaf togað í þau hjónin. Þau keyptu fyrir nokkrum árum vinnustofu í Mánamörk og þar hafa mörg verkefni orðið til í samvinnu með mörgum vinum sem búa hér í Hveragerði.

„Þegar Blómaborg kom á sölu þá urðum við strax spennt - en við vorum ekki alveg tilbúin, það var þegar Blómaborg koma á sölu fyrst árið 2017” fer Áslaug yfir og heldur áfram. „Svo liður tíminn, foreldrar Jónasar fara á hjúkrunarheimilið Ás og þau kveðja þetta líf árið 2020. Það gerði það að verkum að við vorum alltaf meira og meira á ferðinni hér í Hveragerði og við horfðum alltaf á Blómaborg. Ég fann það svo sterkt að staðurinn var að bíða eftir okkur,” segir Áslaug.



Frábærar móttökur

Það liggur beinast við að spyrja þau Áslaugu og Jónas hvernig móttökurnar hafa verið, eftir að þau tóku við rekstri Blómaborgar í byrjun janúar 2023. „Frábærar móttökur” segir Jónas strax og brosir allan hringinn. Áslaug tekur strax undir með honum „já, fólk er svo jákvætt og við finnum fyrir gleði á meðal Hvergerðinga - að við séum að halda heiðri Blómaborgar á lofti og við ætlum að varðveita staðinn. Þessi staður mun blómstra í okkar höndum”.

Jónas bætir við og vitnar í Stein Steinar „í draumi sérhvers manns er fall hans falið” og Jónas talar um að það er oft langur vegur frá draumnum í raunveruleikann. Það er svo auðvelt þegar mann dreymir mikið, þá er svo auðvelt að vera óþolinmóður í raunveruleikanum. „Nú erum við með drauma og sýn með það sem við viljum gera með Blómaborg. En við þurfum að sýna draumum okkar þolinmæði. Fyrsta árið hefur farið í að vinna með það sem Blómaborg er og hefur verið. Við erum að hlusta á hvað Hvergerðingar vilja og hvers þeir vænta af Blómaborg” segir Jónas. Áslaug tekur undir þetta og segir frá því hversu marga vini hún hefur eignast á liðnu ári eftir að þau tóku við Blómaborg. „Auðvitað er fólk að koma hingað til að versla en margir verða vinir manns, því það er verið að spjalla og gefa sér tíma. Mér finnst svo yndislegt að vera orðin

hluti af samfélaginu, því ég finn að við erum orðin það,” segir Áslaug.

Jónas tekur undir „þegar við bjuggum í Reykjavík, þá fannst okkur alltaf vanta að tilheyra einhverju samfélagi. Hver einasti staður skiptir máli. Allir fá sitt pláss til að vera eins og þeir eru. Við elskum að fá þetta inn í okkar líf - því um leið og við komum aftur hingað í Hveragerði þá urðum við strax hluti af samfélaginu. Við elskum Hveragerði - við erum í raun komin aftur heim. Vinir mínir í Þorlákshöfn eiga erfitt með að fyrirgefa það að við fluttum til baka í Hveragerði, en það er allt að koma” segir Jónas og glottir. Hvernig kunnið þið við ykkur í Hveragerði?

Þau hjónin hlakka mikið til að fara að njóta Hveragerðis meira, með því að fara í gönguferðir, sund og vera enn meiri hluti af samfélaginu.

Framtíð Blómaborgar

„Okkur langar til að þetta sé svona „vin“ í bænum. Þetta sé hlýlegt, rólegt og þægilegt. Þetta sé áfram kennileiti og áningastaður fyrir samfélagið. Markmið okkar er að halda áfram með gjafavöruna og blómin. Við sjáum fyrir okkur að bæta við kaffihúsi og viðburðum. Vera meira á andlegri línu - hugleiðslu og fleira. Við erum bara rétt að byrja” segja þau bæði í kappi við hvort annað. Það er svo gaman að sitja með



Þessum hjónum sem hafa góða sýn á það og eru samhent í því að láta drauma sína rætast innan veggja Blómaborgar. Þau sjá fyrir sér að hafa rólegt og "næs" umhverfi þar sem fólk getur komið til að ná andanum.

Þau hafa hugmyndir um að bæta við flórana í Blómaborg með því að hafa samkomustað. Ekki skemmtistað, heldur stað sem fólki finnst notalegt að koma og hittast á. Þau sjá fyrir sér list og sköpun - að það fái sitt pláss í Blómaborg, sem er í beinum takti við það sem Hveragerði stendur fyrir. List og sköpun.

„Við erum nú þegar byrjuð og fyrsti viðburðurinn okkar var vígsla ljóðahúss - á svörtum föstudegi var ljóðahúsið vígt. Hér komu rúmlega fjörutíu manns að hlusta á hvergerðsk ljóðskáld og fólk naut þess að ná andanum á annars annasömmum föstudegi“ segir Jónas ánægður með mætinguna.

Saga Blómaborgar

Helga í Blómaborg byggði upp þjónustumiðað fjölskyldufyrirtæki og hún á hrós skilið fyrir að hafa haldið öflugu fyrirtæki gangandi hér í Hveragerði ásamt Hörpu

dóttur sinni. Áslaug og Jónas færa henni miklar þakkir fyrir viðtökurnar og hversu vel hún tók á móti þeim. „Helga hefur aðstoðað okkur mikið á þessu fyrsta ári og ég veit ekki hvernig ég get þakkað henni nægilega mikið fyrir það.“ segir Áslaug.

Sagan um húsið er löng, þar sem um er að ræða einn af þremur elstu gróðurkálum Hveragerðis, en hann er frá 1950. Blómabúðin er síðan frá 1953, sem þá hét Blómskáli Michelsens, og því má segja að Blómaborg eigi 70 ára afmæli í ár. „Einu sinni var apinn hérna í Blómaborg, nú er það Jónas,“ segir Áslaug og hlær. „Við viljum halda sögunni á lofti - hvort sem það er sagan um apann eða fólk sem hefur rekið Blómaborg. Okkur finnst mikilvægt að sagan sé varðveitt. Við ætlum að halda þessum stíl áfram, komum með nýjar áherslur en kjarninn er áfram sá sami. Götumynd Hveragerðis heldur áfram að vera sú sama og þessi grunnur er okkur mikilvægur,“ segir Jónas.

Jólin - er fjölskyldan með jólahéð?

„Nú munu jólin taka breytingum þar sem

við erum orðin verslunareigendur,“ segir Áslaug spennt fyrir komandi jólamánuði. Fjölskyldan er alltaf saman á jölunum og þau borða alltaf kalkún á aðfangadagskvöld sem hefur verið hefð nær alla þeirra búskapartíð.

„Það sem okkur finnst skemmtilegast er að fjölskyldan er að hittast. Tónlistin hefur átt stóran þátt í jólaundirbúningnum og planið er að láta tónlistina hljóma í Blómaborg á næstu árum. Við ætlum að færa jólin til okkar í stað þess að vera á ferðinni út um allt að eltast við jólin. Þetta er okkar stærsta markmið og þetta er okkar mantra,“ segir Jónas.

Jólin í ár verða öðruvísi þar sem þau eru í miðjum framkvæmdum hér í Blómaborg. Þau eru ekki flutt inn í einbýlishúsið sitt hérna við Blómaborg. „Svo er líf okkar að taka miklum breytingum þar sem við eigum von á barnabarni og þá munu verða kafaskil sem við erum ofboðslega spennt fyrir,“ segir Jónas. „Breytingarnar eru miklar og ég elska þetta allt, þó svo að margt sé erfitt við breytingar. Við erum komin heim og við erum búin að festa ræturnar hérna“ segir Áslaug að lokum.

Hvað hugsar þú þegar þú heyrir þessi orð?

Jólaþykkt: Lykt af furu og greni. Hangikjöt er líka jólaþykkt í mínum huga.

Jólaþykkt: Ég kemst í hátíðarskap með Helgu Möller, ég verð alltaf að heyra í Helgu Möller um jólin.

Jólamatur: Kalkúnn með gráðastasósu og ananas. Fyrir mér er samt alltaf hangikjöt, kartöflur, uppstúfur og rauðrófusalatíð hennar tengdamömmu. Lyktin af hangikjöti er það sem býr til jóladaginn.



Frá ljóðakvöldinu. Myndir: Bryndís Ragnarsdóttir.

Jólahugvekja

„Þegar hátíð fer í hönd búa menn sig undir hana hver á sína vísu.“ Á þessum orðum hefst sagan Aðventa eftir Gunnar Gunnarsson sem margir hafa fyrir reglu að lesa á aðventu og má hiklaust mæla með slíkum lestri, að draga sig út úr skarkalanum sem fylgir desembermánuði og setjast niður í kyrrð með góða bók.

Aðventan snýst nefnilega í grunninn um að bíða og undirbúa. Bíða eftir hátíðinni sem kemur og Jesúbarninu sem kemur og hafa allt til reiðu sem tilheyrir hátíðinni. Við þurfum óhjákvæmilega stundum að bíða í lífinu. Í nútímasamfélagi er hins vegar ekki alltaf mikil þolinmæði eða biðlund. Við erum orðin vön því að allt gerist á ógnarhraða og viljum vera sjálf við stjórnvölinn.

Við getum ekki alltaf stjórnað því þegar við þurfum að bíða.

Við getum nefnilega ekki stjórnað öllum aðstæðum lífsins. Veðrinu, tímanum, fólkinu í kringum okkur. Við getum hins vegar haft stjórn á því hvernig við mætum aðstæðunum. Hvernig við mætum biðinni.

Aðventan og biðin heyra saman.

Við biðum á aðventunni.

Mikið.

Dygð aðventunnar er að bíða ekki í óþolinmæði heldur eftirvæntingu og von. Leyfa okkur að hvíla í aðstæðunum hverju sinni og upplifa gæðin sem felast í þeim.



Þessa dagana er ég að kynna mér bók sem heitir „Ekki gera neitt – jólin eru að koma!“ og er á formi aðventudagatala. Þar er fjallað um það hvort og þá hvernig við getum farið að nálgast jólin eins og við séum að heyra af þeim í fyrsta sinn, eins og jólin væru að koma í fyrsta sinn. Þar kynnumst við t.d. Maríu, hinni sterku og hugrökku ungu konu sem fékk þetta óvenjulega hlutverk að fæða son Guðs í heiminn, Jósep, unga manningnum sem lenti í þessum flóknu aðstæðum með unnustu sinni og öllum hinum persónum jólasögunnar sem okkur finnast við flest þekkja. En í bókinni segir biskupinn sem skrifaði hana, Stephen Cottrell: „Það hlýtur að vera hægt að halda jólin öðruvísi en við

gerum núna, að halda þau þannig að gleðin og fyrirheitin sem þau standa fyrir hjálpi til við að gera lífið okkar heilt aftur“.

Markmiðið er að fá okkur til að hugsa öðruvísi um dagana fyrir jól en við erum kannski vön. Inntakið er hvatning til að staldra við, hætta að eyða um efni fram, vera heiðarleg um það sem okkur vantar í líf okkar. Hugsa sem svo: ef jólin væru að koma í fyrsta sinn, hvernig vildum við halda þau?

Staðreyndin er sú að aðventan getur verið erfiður tími. Með mörgum okkar búa e.t.v. sárar minningar og sorg, við finnum væntingar okkar sjálfra og þeirra sem eru hluti af lífi okkar. Við finnum þrýstinginn sem er á okkur öllum um að mæta þessum væntingum. Það er ekki alltaf hjálplegt og styðjandi.

Áskorunin okkar er að snúa þessu svo það sé okkur sjálfum í hag. Snúa því mennskunni í hag, því viðkvæma, brothætta og dýrmæta í hag. Því andspænis öllu dótinu, hávaðanum, kapphlaupunum og neyslunni standa tvö börn: litla barnið í okkur sjálfum og barnið í Betlehem. Sambandið milli þeirra kærleikurinn sjálfur, kærleikur Guðs til mannanna, kærleikur sem þú átt skuldlausan og alveg skilið.

Um þetta snúast jólin.

Guð gefi þér og þínum gleðilega jólahátíð.

Séra Ninna Sif Svavarsdóttir

Við sendum
Hvergerðingum öllum
hugheilar jóla- og
nýárskveðjur með þökk
fyrir árið sem er að líða.

Hátíðarkveðja,
Arnon

Gleðileg jól

☎ 893 2429
896 4757

MURÞJÓNUSTA
Helga Þ hf.

BYGG
BRÆÐUR

Að taka þátt í samfélaginu sínu

Bæjarfélagið er eins og fólkið vill hafa það. Blómlegur bær verður til vegna þess að fólk velur sér að gróðursetja blóm og leggur vinnu og natni við að hafa fint í kringum sig. Líflegt félagslíf verður til vegna þess að fólk skipuleggur viðburði sem mætt er á. Gott íþróttastarf verður til vegna þess að hjál-farar, foreldrar og stjórn íþróttafélagsins skipuleggur starfið í kringum iðkendur. Svona mætti lengi telja - hvort sem það er kórinn, björgunarsveitin, félag eldri borgara eða allt annað félagsstarf, þá verður starfið aldrei betra en fólkið sem í því er.

Fyrirtæki verða til vegna þess að einhver fær hugmynd, leggur tíma sinn og orku í að vera með þjónustu eða vöru í boði. Líflegt atvinnulíf byggir á atvinnurekandanum, launþegum og viðskiptavininum. Allt þetta kallar þátttöku fólks - við þurfum öll að vera með í samfélaginu okkar.

Við tökum þátt með því að stunda vinnu, vera í foreldrafélagi, íþróttastarfi, félagsstarfi og leggja eitthvað af mörkum til samfélagsins. Sumir halda því fram að þú

verðir að vera í stjórn til að taka þátt. Sjálf hef ég oft verið formaður eða stjórnarmaður í félagasamtökum. Það er nauðsynlegt að geta látið keflið áfram til næsta manns og vera áfram sem virkur meðlimur í félagsstarfinu. Eitt það skemmtilegasta sem ég veit um er að vera í félagsstarfi þar sem eru margir virkir þátttakendur. Það er eins og að vera í hópavinnu í skóla og allir leggja sitt af mörkum - verkefnin ganga miklu betur þegar allir gera eitthvað.

Við hér í Hveragerði þurfum öll að taka þátt í því að gera samfélagið okkar líflegt, fallett og aðlaðandi. Bæjarstjórn, formaður íþróttafélagsins eða formaður foreldrafélagsins gera þetta ekki ein - við þurfum öll að vera þátttakendur á einhvern hátt. Allir þurfa að taka til í sínum garði, mæta á viðburði bæjarins og vera með í því samfélagi sem við búum í.

Jólakveðja,

Elin Kára,

ritstjóri Bláhvers 2023





matkráin
cafe - bar - restaurant

*Elegant veitingastadur
í hjarta Hveragerðis*

Við viljum minna fólk á okkar rómaða aðventuseðil.





Afgreiðslutími
miðvikudaga til sunnudaga
frá kl. 11:00 til 21:00.

Sími 483 1105
www.matkrain.is
matkrain@matkrain.is

Óskum Hvergerðingum og nærsveitamönnum gleðilegri jóla og farsældar á komandi ári. Þökkum viðskiptin á árinu sem er að líða.

*Starfsmenn
Leiktækja og sport
Austurmörk 19, Hveragerði.*

Skipulag og umhverfi

Skipulagsmál eru mér ofarlega í huga og langar mig að fara nokkrum orðum um það sem er í gangi á þeim vettvangi. Það er ánægjulegt að sjá að uppbygging bæjarins, frá meirihlutatið D-listans í Hveragerði, er enn í fullum gangi. Má þar nefna uppbyggingu í Hólmabrun, við Heilsustofnun, Tívoli-reit, Edenreit, svæði við Hlíðarhaga, Friðarstaðaland meðfram Varmá, iðnaðarsvæði neðan Þjóðveggar og Árhólmasvæði, sem eru í góðum farvegi. Þó hefur hægst á framgangi uppbyggingar Kambalands sem þó hefur legið klár til áframhaldandi framvindu frá því löngu fyrir kosningar. Þar má finna fjölbreytta búsetumöguleika og þjónustu eins og leikskóla fyrir framtíðaríbúa þess hluta Hveragerðis.

Nú er hafin vinna við yfirferð gildandi aðalskipulags Hveragerðisbæjar. Það er okkur mikilvægt að uppbygging íbúðahverfa, útivistar-, íþróttar og frístundasvæða, atvinnu- og iðnaðarhverfa, verslunar og þjónustu haldist í hendur við uppbyggingu innviða og er því mikilvægt að skrefin sem stigin eru séu passlega stór, þannig að bæjarfélagið ráði við þau framtíðarplön. Lykillinn er að gera Hveragerði að enn eftirsóknarverðari kosti fyrir fólk sem vill hingað flytja sem og hlúa að og bæta góða stöðu þeirra sem hér búa nú þegar. Vil ég nota tækifærið og hvetja okkur til dáða í þeim efnum.

Samkvæmt lögum hefur árum saman verið rekin skipulags- og mannvirkjanefnd á vegum Hveragerðisbæjar. Meginhlutverk nefndarinnar hefur verið að fara með og meðhöndla mál er varða skipulagsmál

sveitarfélagsins, veitur, húseignir á vegum bæjarins, brunamál sem og umferðarmál eftir þar til gerðum lögum og reglugerðum.

Á núverandi kjörtímabili hóf nefndin störf á sömu forsendum og áður. Það var svo á vordögum að meirihluti bæjarstjórnar ákvað að stokka upp í nefndafyrirkomulagi bæjarins og varð niðurstaðan m.a. sú að fyrrum skipulags- og mannvirkjanefnd og umhverfisnefnd voru sameinadar í eina. Með þessu er búið að blanda saman tveimur mjög stórum og umfangsmiklum málaflokkum undir einn hatt.

Það er eðlilegt að velta fyrir sér hlutverki nefndanna tveggja fyrir sameiningu þeirra og þá einnig hvort erindisbréf nýrrar nefndar nái að dekkja allt það sem henni ber að gera. Þar sem ég fór yfir hlutverk skipulags- og mannvirkjanefndar hér í upphafi er rétt að renna í gegnum hlutverk fyrrum umhverfisnefndar.

Nefndin hafði það hlutverk að vera bæjarstjórn til ráðgjafar og sjá til þess að lögum og reglum væri fylgt t.d. varðandi umhverfismál og umhirðu í bæjarfélaginu og gera tillögur til bæjarstjórnar um stefnumörkun og starfsreglur á því sviði, varðandi sorphirðu og förgun, varðandi náttúruvernd, sjá um að hollustuhættir og mengunarvarnir væru í lagi ásamt fleiru sem bæjarstjórn fól henni. Hlutverk fyrrum tveggja nefnda voru mjög svo ólík og ekki til þess fallin að maður sjái hagræði í því að sameina þær. Í því samhengi er

þó vert að nefna að ekki er enn komin nein sérstök reynsla á störf og efnistöknýrrar nefndar þar sem aðeins hefur verið fundað tvisvar sinnum í nýrri nefnd frá því í maí á þessu ári og þar til nú um mánaðamót nóvember – desember. Ef litið er yfir erindi þessara tveggja funda má sjá að nefndin hefur einungis fjallað um skipulags- og mannvirkjamál. Því hefur ekki verið tekið fyrir eitt mál frá því í maí, sem flokkast undir erindi umhverfishluta nefndarinnar og því verð ég að leyfa mér að efast um að þessi ráðahagur, að sameina nefndirnar tvær, sé til bóta á tímum þar sem ákall er um festu í umhverfismálum og ekki síst loftslagsmálum. Það gríðarlega mikilvægt að við tökum á þeim verkefnum af alúð og festu þar sem að framtíð okkar sem og okkar afkomenda byggir á því.

Það er mitt hjartans mál að okkur líði öllum vel í afbragðsgóða bænum okkar og farnist vel í að viðhalda gæðum og kostum sem fyrir eru í Hveragerði og ekki síður að við fáum tækifæri á að gera betur þar sem sóknarfæri eru.

Að endingu vil ég óska öllum íbúum Hveragerðis sem og landsmönnum öllum gleðilegra jóla og farsældar um ókomna tíð.

*Sigurður Einar Guðjónsson,
nefndarmaður í skipulags- og umhverfis-
nefnd Hveragerðisbæjar fyrir hönd
D-listans í Hveragerði.*



SUDOKU ÞRAUTIR

Fullsterkur

			3	7				2
		5		9				
		4		2		6		
	8					5		
	6	1						4
		2	3		9			
						1		
2			6					
	5	3	2			4		

Hálfsterkur

	9	8	1					2
				8	5			6
	1		7					
				6		5		
		3				9		8
			8	3				
		5				4		
1				7		6	9	
3							7	5

Amlóði

8			7		2	9		
	2		6	5	1		4	
7		1						5
1								
4			9			1		2
		7						4
6	1		8		9	5		
		2			7	4		1
	7		3					

Forvarnargildi íþróttaiðkunar er óumdeilt

Það liggur ljóst fyrir að öflugt íþróttastarf í samfélögum hefur ýmislegt jákvætt í för með sér. Forvarnargildi íþróttá, tómtunda og æskulýðsstarfs er óumdeilt og sýna rannsóknir á viðfangsefninu mjög skýrt fram á að þau börn sem eru virk í slíku starfi eru ólíklegri til þess að leiðast út í óæskilega hegðun. Við sem erum foreldrar barna og ungmenna ættum því að velja fyrir okkur þegar við veljum okkur íverustað hvort vel sé haldið utan um þennan málaflokk á viðkomandi stað. Í þessu samhengi er meðal annars mikilvægt að horfa til þess að fjölbreytt starfsemi sé í boði því börnin okkar eru eins misjöfn og þau eru mörg.

Einn getur fundið sig í hestamennsku eða golfi á meðan annar vill sparka eða blaka bolta, stinga sér til sunds, fara í heljarstökk, kasta á körfu, spila hnit, stunda rafíþróttir eða taka þátt í skáttastarfi. Rannsóknir hafa einnig sýnt fram

á að í þessum efnum skiptir umgjörðin gríðarlegu máli. Þá er ég ekki eingöngu að tala um íþróttamannvirkin sjálf heldur líka að unnið sé á faglegum grunni til þess að efla íþróttastarf og að metnaður sé fyrir málaflokknum bæði hjá íþróttafélögum og stjórnarsýslu bæjarins.

Hér í Hveragerði höfum við verið svo heppin að hafa gríðarlega öflugt fólk í sjálfbodastörfum fyrir íþróttafélögin okkar ásamt því að hafa framúrskarandi þjálfara að störfum á degi hverjum. Fólk sem vinnur innan íþróttafélaga er í mínum augum samfélagslegar hetjur og á mikið hrós skilið fyrir óeigingjarnt starf. Þetta fólk leiðir starfið og sér til þess að börnin okkar njóti þess að taka þátt í skipulögðu íþróttastarfi sem þau eiga eftir að búa að alla sína ævi. Aðstæður geta oft á tíðum verið erfiðar en áframhaldandi barátta fyrir öflugum íþróttastarfi er mikilvæg fyrir framtíð barnanna

okkar. Ég trúi því að starfandi bæjarstjórn hverju sinni eigi að vera þjónandi fyrir íbúana og lít svo á að það sé algjört forgangsmál að sjá bæjarbúum, og þá sérstaklega börnunum okkar, fyrir framúrskarandi íþróttaaðstöðu.

Við í D-listanum horfum björtum augum til framtíðar Hveragerðisbæjar og viljum vinna með íþróttafélögunum okkar, íþróttastarfinu til heilla, og setjum uppbyggingu á aðstöðu til íþróttaiðkunar í forgang og viljum hjálpa til við að efla faglegt starf íþróttafélaga, frístundamiðstöðvarinnar og annars æskulýðsstarfs í Hveragerði.

*Sigmar Karlsson,
varabæjarfulltrúi D-listans í Hveragerði*



Hvað hugsar þú þegar þú heyrir þessi orð?

Jólalykt: Baksturslykt

Jólaglag: Ef ég nenni með Helga Björns

Jólamatur: Hamborgarhryggur

*Komdu og skoðaðu úrvalið hjá okkur.
Við tökum vel á móti þér* ❤️



Lóa, Böel og Inga Sif

Ramla
810 HVERAGERÐI

Annáll Hamars

Kveðja frá Íþróttafélaginu Hamri

Kæru bæjarbúar, árin 2022 og 2023 hafa verið íþróttafélaginu okkar erfið. Við höfum þurft að aðlaga okkur að breyttum veruleika eftir að Hamarshöllin féll, í febrúaróveðri, fyrir næstum tveimur árum. Þessi næstum tvö ár hafa reynt verulega á alla sem koma að starfinu, hvort heldur er foreldrar, iðkendur, þjálfarar eða stjórnir deildanna sem mynda Hamar. Við höfum þurft að vinna með það sem við höfum og það hefur tekist á undraverðan hátt vel. Flestar deildir hafa þurft að endurskipuleggja starf sitt með það að markmiði að geta boðið óskerta þjónustu við verulega skertan húsakost. Það hefur ýmislegt gengið á og nánast allar deildir þurft að færa fórnir til að aðrar deildir geti notið þeirra. Fyrir það ber að þakka. Það hefur verið aðdúunarvert að fylgjast með því hvernig deildirnar hafa reynt að skipta tímunum í íþróttahúsinu við Skólamörk á milli sín og reynt að vera í samskiptum hver við aðra um nýtingu á þessum tímum. Ef æfingar hafa fallið



niður eða flokkar verið að keppa á mótum á sínum æfingatímum hafa þeir reynt að láta vita með fyrirvara svo aðrir flokkar geti mögulega nýtt sér þann tíma.

Fjölgreinaverkefnið var sett á fót og hefur það vakið mikla lukku meðal iðkenda og eiginlega slegið í gegn hjá foreldrum. Þar gefst krökkum í 1. og 2. bekk tækifæri til að æfa allar íþróttir sem Hamar býður upp á. Dreifing iðkenda hefur verið eftirtektarverð og minni deildirnar hafa verið að fá til sín krakka sem mögulega hefðu aldrei farið í þá íþrótt og fundið sig í henni. Það hefur sýnt sig svo um munar að þegar á móti blæs, snýr Hamarsfólk bökum saman, leggur harðar af sér og vinnur áfram að hugsjónastarfinu sem er grundvöllur íþróttafélaga um landið allt. Þrátt fyrir þrönga stöðu, þá hefur iðkendum Hamars fjölgað á þessu tímabili. Bæjarfélagið hefur vissulega vaxið en starfið innan Hamars hefur verið betra og markvissara en bjart-sýnustu menn þorðu að vona. Það er

ávöxtur óþrjótandi eljusemi og dugnaðar fólksins sem vinnur að þessu verkefni, bæði við þjálfun og stjórnarstörf í sjálfboðavinnu.

Hugsjónastarf sjálfboðaliðans er burðarásinn í starfi Hamars og vil ég nota þetta tækifæri og þakka þeim af heilum hug fyrir allt það óeigingjarna starf sem það hefur unnið íþróttafélaginu og nærsamfélaginu öllu til góða. Ég vil líka þakka öllum þjálfurum og öðru starfsfólki Hamars fyrir að vinna saman að því að gera félagið að því sem það er.

Án ykkar krafta er ekkert félag, félag sem sameinar alla bæjarbúa, óháð stöðu og stjórnmalaskoðunum. Við eigum nefnilega öll Hamar og eigum að hlúa að því og sjá það vaxa og dafna. Við erum öll Hamarsfólk.

Íþróttafélagið Hamar óskar Hvergerðingum öllum og sérstaklega iðkendum, þjálfurum og sjálfboðaliðum gleðilegrar jólahátíðar og farsældar á nýju ári.

*Fh. Íþróttafélagsins Hamars,
Þorsteinn T. Ragnarsson, formaður.*



SUNDLAUGIN LAUGASKARÐI OPNUNARTÍMI UM JÓL OG ÁRAMÓT CHRISTMAS OPENING

23. des. Þorláksmessa kl. 10 - 17.30
24. des. aðfangadagur kl. 9 - 12.00
25. des. jóladagur LOKAÐ - closed
26. des. annar dagur jóla LOKAÐ - closed
31. des. gamlársdagur kl. 9 - 12.00
1. jan. nýársdagur LOKAÐ - closed

NOTALEGIR LAUGARDAGAR

Notalegir laugardagar og jólastemning verður dagana 9., 16. og 23. desember. Laugin verður sérstaklega hlý, saltvatn í kalda pottinum, Epsom salt og ilmkjarnaolíur í gufunni, jólalög, jólate og piparkökur.



VERIÐ VELKOMIN!

www.hveragerdi.is



Konfekt

ÍSTERTA

Skreytt með gómsætum
Nóa Sírius konfektmolum

FYRIR 12 MANNS




NÓI SÍRÍUS

Askur, félag ungra sjálfstæðismanna

Askur, félag ungra sjálfstæðismanna, hefur á liðnu ári haft nóg fyrir stafni. Árið byrjaði með trompi þar sem ný stjórn tók við starfinu. Undirritaður var kjörinn formaður, Árni Þór Steinarsson Busk var kjörinn varaformaður og meðstjórnendur eru Styrmir Jökull Einarsson, Einar Ísberg og Hekla Björt Birkisdóttir. Í síðustu sveitarstjórnarkosningum varð til góður grunnur að starfi ungra sjálfstæðismanna í Hveragerði enda metfjöldi ungra sem sat á lista. Stjórnin ákvað að nýta þennan kraft og prófa nýja hluti ásamt því að halda í það klassíska.

Viðburðir á árinu

Árleg páskaeggjaleit Asks fór fram í lystigarðinum, það mætti auðveldlega segja að páskaeggjaleitin sé orðin fastur liður í starfi Asks. Páskaeggjaleitin var einstaklega vel heppnuð og stóð páskakanínan sig með einstakri þrýði. Það er ekki ólíklegt að páskakanínan láti sjá sig aftur á næsta ári.

Askur stóð fyrir Eurovision teiti í Mánamörk, félagsheimili Sjálfstæðisfélags Hveragerðis þar sem boðið var upp á að fylgjast með keppninni í góðum félagsskap. Stjórn Asks stóð í ströngu við að skipuleggja Eurovision bingó og búa til góða partýstemningu sem fór langt fram úr okkar björtustu vonum.

Askur kláraði árið af fullum krafti en ungir sáu um vikulega laugardagskaffið 2. desember og fengu til sín góðan gest, Ingveldur Anna varapingmaður kjördæmisins kikti í heimsókn og sagði frá sínum störfum. Nokkru síðar þann 7. desember skelltu Askur



og Hersir, félag ungra sjálfstæðismanna í Árnessýslu, í sameiginlegt jólaglögg þar sem tekið var á móti góðum gestum og liðandi ári fagnað.

Að starfa með ungum

Eins og hefur komið fram er alltaf nóg að gera hjá ungum og hvetjum við alla til að kynna sér þennan skemmtilega félagsskap betur. Það er mikilvægt að ungt fólk hafi vettvang til að koma sínum sjónarmiðum á framfæri og er starfið með Aski frábær leið til þess. Til dæmis héldu félagar Asks á vel sótt aðalþing SUS á Selfossi. Á SUS viðburðum myndast alltaf frábært tækifæri til þess að skemmta sér í góðum félagsskap og jafnframt hafa áhrif og koma sínum sjónarmiðum á framfæri og hafa áhrif.

Askur, félag ungra sjálfstæðismanna, þakkar öllum fyrir góðar undirtektir og mætingu á viðburði á árinu sem er að líða og sendir ungum sem eldri Hvergerðingum óskir um gleðileg jól og farsælt komandi ár.

*Davíð Ernir Kolbeins,
formaður Asks*

Hvað hugsar þú þegar þú heyrir þessi orð?

Jólaþykkt: Nýbakaðar smákökur

Jólaþag: Jólatónleikar Bjögga Halldórs

Jólamatur: Önd og sætkartöflugratín



Gleðileg jól

Hamingjan gefi þér
gleðileg jól,
gleðji og vermi þig,
miðsvetrarsól,
brosi þér himinn,
heiður og blár,
og hlýlegt þér verði
hið komandi ár.
G. Jóh.



ÖLVERK

Sími: 4833030 www.olverk.is

Með hátíðarkveðju og þökk fyrir samfylgdina
á árinu sem er að líða

Myndir úr bæjarlífinu





Minum á gjafabréfin
sem fást á stofunni,
gleðileg jólar.

OPNUNARTÍMAR - JÓL 2023

19. des. þriðjudagur	kl. 9:00-22:00
20. des. miðvikudagur	kl. 9:00-22:00
21. des. fimmtudagur	kl. 9:00-22:00
22. des. föstudagur	kl. 9:00-22:00
23. des. laugardagur	kl. 9:00-22:00

Jólaþveðja frá
okkur í Reykjadal Lodge,
hlökkum til að sjá
ykkur á nýju ári.



BELGÍSK VAFFLA
Í REYKJADAL
ER TILVALIÐ
Á NÝJU ÁRI

GARPAR EHF.
GARÐYRKJA • VÉLALEIGA

*Bestu óskir um
friðsæl jólar og farsæld
á komandi ári*

*Þökkum viðskiptin
á árinu sem
er að líða*



Gleðilega hátíð



*Þökkum fyrir
viðskiptin á árinu*


Sendum Hvergerðingum sem og öðrum lesendum hugheilar jóla- og nýárskeiðjur. Þökkum viðskiptin á árinu sem er að líða.



Sími 782 9399



BRETTAVINNSLAN



KRAFTHREINSUN



Hveragerði



BALSI EHF
TEKNISTOFA
TÆKNIÞJÓNUSTA
Kt. 431 | 99-2469



AUÐFLUTT EHF
FLUTNINGAÞJÓNUSTA
S: 862 5600



Hvít bros

Iceland Activities



Sportþjónustan.is
Ø 774-7010



mms
CAR RENTAL



ÍSLANDPÓLLAND.IS

Ástré ehf.
Próstur Stefánsson
Sími 898 5993

Mikki Smiður
Sími 861 9330
Hveragerði

M.S. vélar og stálsmiðja ehf.
Sími 846 4024
Mánamörk 3

Ficus ehf.
Sími 483 4790 / 893 4190
ficus@simnet.is